



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til sveitarstjórna og skólanefnda

Reykjavík 17. nóvember 2016

1611034SA KB/þk  
Málalykill: 04.40

### Efni: Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynning 2017

Dagana 16. - 18. mars 2017 mun Verkiðn halda Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningu í Laugardalshöllinni í Reykjavík. Verkiðn eru samtök um keppnir í iðn- og verkgreinum á Íslandi.

Keppnin er haldin að fyrrmynd WorldSkills keppninnar sem haldin er annað hvert ár og Íslendingar hafa tekið þátt í fjórum sinnum.

Tilgangur keppna af þessu tagi er að auka sýnileika iðn- og starfsmenntunar, bæta ímynd iðn- og verkgreina og vekja áhuga grunnskólanema á slíku námi með því að ungt fólk sýni þeim handbrögð og tækni sinnar greinar.

Rúmlega 7000 grunnskólanemendur komu á síðasta Íslandsmót, sem haldið var í Kórnum í Kópavogi. Verkiðn styrkir ferðir grunnskólanemenda með þátttöku í ferðakostnaði og hafa einstök sveitarfélög einnig styrkt sína nemendur til fararinnar.

Framhaldsskólar munu einnig kynna námsframboð sitt, bæði verklegt og bóklegt, og svara spurningum um námsframboð og inntökuskilyrði. Grunnskólanemendur fá einnig tækifæri til að snerta á og prófa hluti undir handleiðslu fagmanna í ýmsum greinum. Verkiðn hefur sent kynningarbréf til skólanna og fylgir það með í viðhengi.

Sambandið vill vekja athygli sveitastjórna og skólanefnda á þessu mikilvæga framtaki til að kynna iðn- og verkgreinar á Íslandi og víesar í því sambandi í stefnumörkun sambandsins gr. 33.13 en þar segir "Sambandið skal vinna að því að auka vægi verk-, tækni- og listgreina í námi barna" Þá hvetur sambandið sveitarfélög til þess að leggja sitt af mörkum svo grunnskólanemendur um land allt hafi möguleika á að sækja Íslandsmótið heim og fá þar áhugaverða kynningu

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík 27. október 2016

**Efni: Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynning 2017**

Ágæti skólastjóri,

Verkiðn mun halda Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningu dagana 16. - 18. mars 2017 í Laugardalshöll.

Keppnin er haldin að fyrirmynd WorldSkills keppninnar sem haldin er annað hvert ár og Íslendingar hafa tekið þátt í fjórum sinnum.

Tilgangur keppna af þessu tagi er að vekja áhuga grunnskólanema á iðn- og verknámi með því að láta ungt fólk sýna þeim handbrögð og tækni sinnar greinar. Framhaldsskólar munu einnig kynna námsframboð sitt, bæði verklegt og bóklegt og svara spurningum um námsframboð og inntökuskilyrði.

Ástæða þess að keppni sem þessi er notuð í kynningarskyni er sú að áhugi og einbeitni keppenda smitast til áhorfanda sem sjá jafnaldra sína leysa flókin og sjáanlega skemmtileg verkefni. Grunnskólanemendur munu einnig fá tækifæri til að snerta á og prófa hluti undir handleiðslu fagmanna í ýmsum greinum.

Á seinasta Íslandsmóti í Kórnum komu rúmlega 7000 grunnskólanemendur og viljum við nota tækifærið og þakka ykkur fyrir þátttökuna.

Nú hefur verið ákveðið að endurtaka leikinn. Verkiðn hefur ákveðið að styrkja ferð grunnskólanemenda með því að taka þátt í ferðakostnaði.

Óskað er eftir því að tilnefndur verði tengiliður frá skólanum sem fyrst til þess að vera í sambandi við undirritaðan vegna skipulagningar á ferðum og fjölda nemenda frá hverjum skóla. Vinsamlegast sendu nafn, netfang og símanúmer tengiliðs.

Fh stjórnar Verkiðnar og von um jákvæð viðbrögð,

Þór Pálsson  
Netfang: [thor@verkidn.is](mailto:thor@verkidn.is)